

Náttúrustofa Suðurlands  
Ægisgata 2  
900 Vestmannaeyjar

Akureyri 20. júní 2019  
UST201905-035/H.V.  
09.05.01

### **Efni: Umsókn um rannsóknaleyfi - Lundavöktun á Akurey**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Náttúrustofu Suðurlands, dags. 6. maí 2019 um leyfi til lundavöktunar í Akurey í Kollafirði.

Akurey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 470/2019. Óheimilt er að fara í land í Akurey nema með leyfi Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar og rannsóknir, aðrar en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands, eru háðar leyfi Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf innan friðlandsins hvort heldur er á landi, í fjöru, í sjó eða á hafsbotni.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi fyrir lundavöktun í Akurey næstu 10 árin, 2019-2029. Um er að ræða tvær heimsóknir á ári í byrjun júní og í lok júlí í 2 klukkustundir í senn. Starfsmenn verkefnisins eru 2-3 auk leiðangursstjóra. Verða 50-100 merktar varpholur heimsóttar og innihald þeirra skoðað með videomyndavélum með IR lýsingu sem lundinn sér ekki. Í vöktuninni eru ábúð og viðkoma mæld. Einnig verða tekin sýni á skít við varpholurnar á austanverðri eyggi. Til að komast til eyjarinnar verður notaður slöngubátur og siglt að eyjunni vestanverðri og svo gengið að austurhluta eyjarinnar.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun telur að verkefnið muni hafa tiltekin tímabundin truflandi áhrif á lundavarp í Akurey. Hins vegar er umrætt verkefni mikilvægur þáttur í því að meta stöðu lundastofnsins og vakta breytingar á milli ára, bæði í Akurey sem og fyrir landið í heild. Rannsakendur munu beita aðferðum sem hafa um árábil verið notaðar víðsvegar um landið þar sem sambærileg vöktun fer fram.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir lundavöktun í Akurey árin 2019-2029 sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Takmarka skal þann tíma sem dvalið er á svæðinu eins og kostur er.
- Leyfið gildir aðeins fyrir aðila sem koma að rannsókninni.
- Þeir sem koma að rannsókninni skulu vera merktir þeirri stofnun sem þeir vinna fyrir, til dæmis með merktum sýnileikafatnaði og eða öðrum áberandi auðkennum meðan dvalið er utan merktra gönguleiða.
- Afmá skal merkingar við lundaholur á svæðinu þegar stofnvöktuninni er hætt.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.


Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi Reykjavíkurborgar þarf fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt



Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri



Daníel Freyr Jónsson  
sérfræðingur